

**AUGLÝSING**

um niðurfellingu framleiðsluforskrifta lyfja.

Frá og með 1. janúar 1982 er framleiðsla eftirtalinna forskriftarlyfja og lyfja framleiddum skv. óstöðluðum forskriftum óheimil.

Syrupus diphenhydramini comp.

Tablettae acetylsalicylicae ent.obd.

Tablettae natrii fluoridi 0.55 mg DAK.

Heimilt er að afgreiða viðkomandi lyf í smásölu til og með 30. júní 1982.

Auglýsing þessi er birt með stoð í reglugerð um skráningu innlendra sérlyfja nr. 334/1979.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júní 1981.*

Svavar Gestsson.

*Páll Sigurðsson.*

30. júní 1981.

Nr. 316.

**SAMÞYKKT**

um breyting á samþykkt fyrir Sparisjóð Ólafsfjarðar nr. 145, 11. júní 1943.

1. gr.

14. gr. orðist svo:

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknast út að fullu og færðir í bækur sjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á ári og ávallt í lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstólinn á reikningi hans.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir að vextir af innstæðu hafa verið reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins skulu vextir færðir í viðskiptabókina og skal þess þá nákvæmlega gætt að upphæð innstæðufjár að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni beri saman við það sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð en leiðrétta skal skekkjuna þá er hún finnst.

2. gr.

Framanrituð samþykkt staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 30. júní 1981.*

F. h. r.

**Þórhallur Ásgeirsson.**

*Björn Lindal.*